



Ingvar Sigurgeirsson

**Greinargerð um niðurstöður ráðgjafarverkefnis:  
Skólaskipan í Þingeyjarsveit**

16. október 2014

## Efnisyfirlit

Ingvar Sigurgeirsson .....	1
Greinargerð um niðurstöður ráðgjafarverkefnis: Skólaskipan í Þingeyjarsveit .....	1
Inngangur .....	3
Gagnaöflun .....	4
Þingeyjarskóli .....	5
Grunnskóladeildirnar – á einum stað eða tveimur .....	7
Æskileg skólaskipan .....	8
Grunnskólastigið á Hafralæk .....	9
Grunnskólinn á Laugum .....	10
Óbreytt skipan .....	11
Aðrir kostir.....	12
Leikskóladeildirnar .....	13
Tónlistardeildirnar .....	14
Reynsla annarra sveitarfélaga .....	14
Annað .....	15

## Inngangur

*Skólastofan slf – Rannsóknir - ráðgjöf* tók, með samningi sem gerður var við Þingeyjarsveit 4. júlí 2014, að sér ráðgjöf um æskilega þróun Þingeyjarskóla. Ráðgjöfina annaðist dr. Ingvar Sigurgeirsson fyrir hönd *Skólastofunnar slf*.

Í samningi var kveðið á um að sérstök áhersla skyldi lögð á mat á eftirfarandi kostum:

1. Að flytja allt grunnskólastarf skólans á einn stað (Hafralæk eða Laugar).
2. Að hafa óbreytta skipan, þ.e. að grunnskólastigið starfi áfram á tveimur starfsstöðum.

Þá skyldi hugað að kostum þess að flytja leikskólann Barnaborg í húsakynni Hafralækjarskóla. Einnig átti ráðgjafi að skoða stjórnunarfyrirkomulag í þeim leikskóla sem eftir yrði ef grunnskólastarf færi á einn stað. Loks skyldi skoðað hvernig hugsanlegar breytingar snertu starf tónlistardeildanna.

Samkvæmt samningi var gert ráð fyrir að undirbúa þessa greiningu með því að athuga fyrirbyggjandi gögn og ræða við hagsmunaaðila eða fulltrúa þeirra (nemendur, fulltrúa foreldra, starfsfólk skólans, stjórnendur og sveitarstjórnarfólk). Þá var í samningi vikið að því að ráðgjafi kynnti sér sambærilega reynslu annarra sveitarfélaga í þessum efnum.

Gert var ráð fyrir því að gagnaöflun færi fram í ágúst–september 2014 og að niðurstöðum yrði skilað í október.

Í samningi var ákvæði um að ráðgjafi hefði samstarf um verkefnið við Harald Líndal Haraldsson sem hafði tekið að sér að annast greiningu á fjárhagslegum hliðum skólaskipunar-kosta og byggingartæknifræðing sem sveitarfélagið réði til að leggja mat á viðhald og byggingarkosti. Um þetta var leitað til Bjarna Þórs Einarssonar byggingartæknifræðings hjá Ráðbarði sf. Ráðgjafi hefur haldið tvo fundi með Haraldi um verkefnið og verið í síma- og tölvusambandi við Bjarna Þór.

Í kosningabaráttu sinni fyrir sveitarstjórnarkosningar sl. vor lagði núverandi meirihluti (A listi, listi Samstöðu) áherslu á að efnt yrði til íbúakosninga á skólasvæði Þingeyjarskóla um æskilega skólaskipan. Því var heitið að unnin yrði greinargerð um kostnað við rekstur

skólanna, kannað yðri hvað sparaðist við hugsanlega sameiningu, hvaða félagslegra breytinga mætti vænta við sameiningu og hvort vænta mætti faglegs ávinnings.

Þessi greinargerð fjallar um hina faglegu hlið.

## Gagnaöflun

Ráðgjafi kynnti sér fyrirbyggjandi skýrslur um skólaskipan á svæðinu.<sup>1</sup>

Annari gagnaöflun var hagað með svofelldum hætti: Þann 19. ágúst átti ráðgjafi viðræður við stjórnendur skólans, skólastjóra, aðstoðarskólastjóra og deildarstjóra og þann 20. ágúst við starfsfólk og stjórnir foreldrafélaganna. Viðtöl við stjórnendur voru einstaklingsviðtöl, en viðtöl við starfsfólk og foreldra flest rýnihópaviðtöl. Öllum viðmælendum var boðið að hafa samband við ráðgjafa eftir fundina, í síma eða tölvupósti og nýttu nokkrir sér það.

Í seinni ferð sinni ræddi ráðgjafi meðal annars við elstu grunnskólanemendur (nemendur í 8.–10. bekk) og átti fundi með skólastjóra, fræðslunefnd og sveitarstjórn.

Þá var afað margvíslegra gagna frá Þingeyjarskóla og sveitarfélaginu. Loks nýttu nokkrir starfsmenn skólans boð um að setja fram athugasemdir við drög að skýrslunni.

Rétt er að taka fram að ráðgjafa var ekki falið að taka afstöðu til þess hvor staðurinn, Hafralækur eða Laugar, hentaði betur til að hýsa grunnskólastarfið, yrði ákveðið að hafa það allt á einum stað. Þá ákvörðun mun sveitarstjórn taka þegar afstaða íbúa liggur fyrir. Þeim rökum með og á móti hvorum stað, sem fram komu í viðræðum, er haldið til haga í þessari skýrslu og er þess vænst að sveitarstjórnarmenn geti nýtt sér það við ákvörðun um staðarval, ef til þess kemur.

Við gagnaöflun og úrvinnslu naut ráðgjafi mjög góðrar fyrirgreiðslu og skal sérstaklega fyrir það þakkað.

---

<sup>1</sup> Sjá á þessari slóð: <http://www.thingeyjarsveit.is/starfsemi/fraedslumaskolar/>

## Pingeyjarskóli

Pingeyjarskóli var stofnaður 2012 þegar Hafralækjarskóli og Litlulaugaskóli voru sameinaðir í eina stofnun með tvær starfsstöðvar. Áður höfðu leikskólarnir á hvorum stað verið sameinaðir grunnskólunum, sem og tónlistardeildirnar.

Fjöldi kennara á grunnskólastigi, að stjórnendum meðtöldum er 21 í 16 stöðugildum.

Aðstoðarskólastjórar eru tveir, hvor á sinni starfsstöð, en skólastjóri hefur aðsetur á báðum stöðvum.

Í grunnskóladeildinni í Hafralækjarskóla eru á þessu skólaári 38 nemendur. Tólf kennarar koma þar að kennslu í tæpum átta stöðugildum. Aðrir starfsmenn eru sex í tæpum fimm stöðugildum.

Í leikskóladeildinni Barnaborg á Hafralæk eru 22 börn. Húsakynni skólans eru þröng og hefur sveitarfélagið tekið í notkun viðbótarhúsnæði; íbúðarhús í næsta húsi við skólann.

Starfsmenn Barnaborgar eru sjö (í rúmlega fimm stöðugildum) og er einn þeirra með leikskólakennaramenntun og annar með aðstoðarleikskólakennaramenntun. Tveir starfsmanna eru með aðra háskólamenntun. Hér eru ekki taldir starfsmenn sem sinna ræstingum og þvottum. Mat starfsmanna var að vinnuaðstöðu þeirra til undirbúnings og samráðs væri áfátt.

Í grunnskóladeild í Litlulaugaskóla eru 40 nemendur. Tíu kennarar koma þar að kennslu, auk stuðningsfulltrúa og starfsmanns á bókasafni, en stöðugildi kennara í grunnskóladeildinni eru rúmlega átta. Aðrir starfsmenn eru fimm í þremur og hálfu stöðugildi. Deildin er til húsa í byggingu sem reist var undir kennaraíbúðir, heimavist og mötuneyti. Skólinn á þremur hæðum og engin lyfta er í húsinu. Glæsileg íþróttamannvirki eru á Laugum, íþróttahús Framhaldsskólans og sundlaug sveitarfélagsins.

Á Laugum er leikskóladeildin Krílabær og eru þar 18 börn. Skólinn er rekinn í húsakynnum sem áður hýstu Litlulaugaskóla. Starfsmenn eru fjórir (í þremur stöðugildum), þar af tveir með leikskólakennaramenntun, auk starfsmanna sem sjá um ræstingar og þvotta. Húsakynni leikskólans þykja með þrengsta móti.

Báðir leikskólarnir taka við börnum frá níu mánaða aldri. Bent var á að lítil fagleg samvinna væri á milli leikskóladeildanna.

Alls eru þrjú foreldrafélög við Þingeyjarskóla, eitt við Barnaborg, annað við grunnskóladeildina á Hafralæk og það þriðja sameiginlegt fyrir leik- og grunnskóladeildir Litlulaugaskóla.

Tónlistardeildir eru bæði á Laugum og Hafralæk (stöðugildi alls um þrjú) og er það mat ráðgjafa að aðstæður þar séu með því besta sem gerist hvað búnað og húsrými varðar. Sú tilhögun er á báðum stöðum að nemendur eru teknir út úr tímum í grunnskólanum til að fá tónlistarkennslu en einnig sinna tónlistarkennarnir leikskólunum og heimsækja þá tvisvar í viku.

Skólastjóri hefur aðsetur á báðum stöðum og þrjár grunnskólakennarar hafa kennt á báðum stöðum. Heimilisfræði, smíðar og myndmennt hafa verið kenndar á Hafralæk en textílmennt á báðum stöðum. Iðjupjálfi hefur þjónað báðum starfsstöðvum en ekki hefur tekist að ráða sérkennara (rétt er að nefna að einn kennari skólans er í sérkennaranámi). Þá hefur íþróttaaðstaðan á Laugum verið nýtt í þágu allra nemenda og unglingar hafa fengið kennslu í valgreinum saman. Loks eru kennarafundir sameiginlegir að hluta.

-----

Mat ráðgjafa, sem og margra viðmælenda, er að starf Þingeyjarskóla hafi ekki gengið sem skyldi þessi fyrstu tvö starfsár. Starfsandi er að mati margra viðmælenda ekki nógu góður og bitnar það á starfinu. Nokkrir viðmælendur bentu á að neikvæð viðhorf starfsmanna hefðu borist til eyrna barnanna sem leiddi til neikvæðni þeirra í garð samstarfs milli starfsstöðvanna. Viðræður ráðgjafa við nemendur staðfesta að neikvæð viðhorf mill starfsstöðvanna, há samskiptum og starfi. Þá skynjuðu foreldrar og íbúar þessa óánægju. Nokkrir viðmælendur ræddu um spennu, bæði í hópi starfsmanna og nemenda og voru dæmi um að stór orð væru notuð um þetta (*rigur á milli barnanna og rigur milli starfsmanna ... búið að heilapvo börnin ... ömurlegt*). Sem dæmi um ósamstöðu var nefnt að starfsfólk hefði ekki getað komið sér saman um viðburði í skólalífinu eins og t.d. þorablót og árshátíðir. Þá væri heimasíða skólans í raun ekki sameiginleg – heldur aðgreind eftir starfsstöðvum.

Ekki hefur enn tekist að samræma skólareglur og nefndu nemendur, í viðræðum við ráðgjafa, að það hefði verið til boga og skapað leiðindi.

Nokkrir viðmælenda gagnrýndu að skólastjóri Hafralækjarskóla hefði verið ráðinn til að stjórna Þingeyjarskóla og töldu það hafa verið mistök sem bitnuðu á starfinu. Sumir töldu að það hallaði á Litlulaugaskóla. Gagnrýnt var að starfsfólk væri ekki sem skyldi haft með í ráðum um starfið og að upplýsingagjöf væri ófullnægjandi. Þá töldu nokkrir skorta á faglega leiðsögn. Áður hefði starfsfólkið átt hlutdeild í þróun skólans. Þá hefði verið til boga að starfshættir og starfshefðir hefðu verið mjög ólíkar. Óánægja kom fram gagnvart fyrirkomulagi stjórnunar; í raun væri skólastjóri aldrei á staðnum.

Enn má nefna þá skoðun að *of mikil orka og tími færi í að þeyta börnunum á milli starfsstöðva.*

Loks nefndu margir að langvinn óvissa um skólaskipan til framtíðar hefði *farið mjög illa í fólk.* Eins var nefnt að það hefði farið *illa með samfélagið að láta þetta hanga svona.*

Á síðasta skólaári var leitað ráðgjafar sálfræðings til að bæta starfsanda í stofnuninni og mun það verkefni halda áfram á því skólaári sem nú er hafið.

Niðurstaða ráðgjafa er sú að brýnt sé að bæta úr þessum vandkvæðum og að í raun þoli það enga bið.

## **Grunnskóladeildirnar – á einum stað eða tveimur**

Flestir viðmælenda voru þeirrar skoðunar að færa ætti allt grunnskólastarf á einn stað. Fyrir því væru bæði sterk fagleg, félagsleg og fjárhagsleg rök. Eftirfarandi má draga fram:

### **Fagleg rök**

- Markvissari stjórnun.
- Faglegt samstarf kennara verður auðveldara.
- Hæfileikar hvers kennara nýtast fleirum.
- Auðveldara að skapa þá liðsheild sem nú skortir og samræma starfið.
- Gögn, búnaður, tölvukostur og tæki nýtast betur í þágu skólans.

### **Félagsleg rök**

- Nemendahópurinn stækkar og þá um leið félagahópurinn.
- Kostir í tengslum við leiki og íþróttir barnanna.

## Fjárhagsleg rök

- Rekstarkostnaður skólans minnkar (launakostnaður, stjórunarkostnaður, kostnaður við mötuneyti, tölvuþjónustu og ýmsa aðdrætti, kostnaður við milliakstur nemenda).<sup>2</sup>
- Unnt er að nýta fjárhagslegan ávinning (a.m.k. hluta hans) í þágu skólans.

## Mótrök

- Lengri skólaakstur fyrir hluta nemenda.
- Sveitarfélagið / skólinn missir góða starfsmenn.
- Hugsanleg veiking byggðar í þeim hluta sveitarfélagsins þar sem skólinn verður ekki.
- Atvinnumissir.

## Æskileg skólaskipan

Segja má að ferns konar viðhorf hafi komið fram í viðræðum við heimamenn um æskilega skólaskipan:

- Starfinu er best fyrir komið á einum stað og skiptir ekki máli hvor staðurinn verður fyrir valinu.
- Starfinu er best fyrir komið á Hafralæk.
- Best er að hafa starfið á Laugum.
- Óbreytt skipan er æskileg.

Aðrir kostir voru nefndir og eru þeir helstu þessir:

- Öllum grunnskólabörnum verði kennt á Stórutjörnum.
- Yngstu börnunum (t.d. 1.–6. bekk) kennt á Hafralæk en unglíngunum á Laugum.
- Leikskóladeildir og kennsla yngstu grunnskólabarnanna verði boðin á þremur stöðum; Hafralæk, Laugum og Stórutjörnum, en öllum unglíngum kennt á Laugum.
- Að flytja starfið tímabundið í Hafralæk en gera ráð fyrir því að starfið færðist allt á Laugar ef og þegar til sameiningar kæmi við Mývetninga.

---

<sup>2</sup> Sjá um þetta skýrslu Haraldar L. Haraldssonar.



- Allt grunnskólastarf í sveitarfélaginu verði á Laugum.

Hér verður fjallað um ofangreinda kosti og gerð grein fyrir þeim rökum sem fram komu um hvern þeirra. Megináherslan verður á fyrstu fjóra kostina. Minnt er á að sveitarfélagið fól ráðgjafa fyrst og fremst að skoða tvo af þessum kostum, en hann ákvað að halda rökum varðandi fleiri kosti til haga ef það gæti komið að gagni síðar.

## Grunnskólastigið á Hafralæk

Helstu rök sem nefnd voru:

- Mikið rými er til staðar og margar skólastofur rúmar.
- Aðstaða til kennslu flestra list- og verkgreina er góð.
- Skólinn getur tekið við mikilli fjölgun. Í Hafralækjaskóla hafa flestir verið 140 nemendur.
- Unnt verður að nýta byggingu Litlulaugaskóla til annarra nota, t.d. að breyta húsinu í íbúðarhúsnæði, en íbúðarhúsnæði vantar tilfinnanlega á Laugum.
- Þrengsli eru í leikskólanum Krílabæ á Laugum en það leysist ef tónlistarkennslan flyst á Hafralæk, því þá verður unnt að taka húsakynni tónlistarskólans undir leikskólann.
- Hafralækur er í raun meira miðsvæðis þegar litið er til byggðarinnar í heild.
- Mikilvægt er að hafa jafnvægi í byggðinni. Framhaldsskóli og ýmis fyrirtæki eru á Laugum og þörf á að hafa einverja atvinnustarfssemi annars staðar í byggðinni.
- Aðgengi fyrir hreyfihamlaða er betra en í Litlulaugaskóla.

Helstu rök gegn vali á Hafralæk sem skólastað fyrir grunnskólastigið voru þessi:

- Íþróttasalur er lítill og sundlaug sömuleiðis og hún einnig talin nánast ónýtt.
- Viðhaldi hússins er áfátt og mikill kostnaður af því að koma því í viðunandi horf.
- Nokkrir starfsmenn skólans eru mjög andsnúnir því að grunnskóli fari frá Laugum.

Andstæðingar þess að fara með grunnskólastigið á Hafralæk höfðu margir sterk orð um ástand hússins og nefndu m.a. miklar leka og rakaskemmdir, myglusvepp og vonda lykt. Um ástand hússins skal að öðru leyti vísað til niðurstöðu Bjarna Þórs Einarssonar.

Mikilvægt er að koma húsakynnum Hafralækjarskóla í viðunandi horf verði niðurstaðan að hafa skóla þar áfram. Auk fullnægjandi viðhalds er áriðandi er að yfirbragð skólans allt sé snyrtilegt og hlýlegt.

Aðspurðir um hvað gera ætti við húsakynni Hafralækjarskóla ef grunnskólastarfið væri allt á Laugum var bent á að þau kynnu að henta starfi með öldruðum. Eins var talið hugsanlegt að selja hann eða leigja undir ferðapjónustu.

Andstæðingar þess að hafa grunnskólastarfið á Hafralæk, bentu á Kópasker sem gott dæmi um samfélag sem hefði skaðast af því að missa grunnskóla, en börn á Kópaskeri sækja nú skóla í Lundi í Öxarfirði. Aðrir bentu á að ekki væri að sjá að samfélagið á Bifröst bæru af því nokkurn skaða að börnin sæktu skóla að Varmalandi.

### **Grunnskólinn á Laugum**

Helstu rök með því að hafa grunnskólastigið á Laugum voru þessi:

- Eðlilegt að hafa hafa grunnskólann í byggðakjarna sveitarfélagsins.
- Afar varhugavert er að veikja byggðina á Laugum; vaxandi þéttbýliskjarna, sem líklegur er til að laða að íbúa í framtíðinni.
- Laugar eru menntasetur sem missir mikilvæga stoð fari grunnskólastarfið annað.
- Áriðandi er að hafa samfellu í skólastarfi og það er best gert með því að hafa grunnskólastarfið á Laugum.
- Miklir möguleikar eru á samstarfi við Framhaldsskólann á Laugum.
- Auðveldara er að laða kennara að grunnskóladeild á Laugum en ef hún er á Hafralæk.
- Nemendur Litlulaugaskóla hafa flestir ákveðið að fara í Framhaldsskóla á Laugum, en nemendur Hafralækjarskóla síður. Það styrkir því Framhaldsskólann að hafa grunnskólastarfið á Laugum.
- Frábær aðstaða til ípróttaiðkunar.
- Framhaldsskólanemar gætu nýtt sér skólaakstur.
- Bókasafn er í skólahúsinu.

Í viðtölum lögðu margir starfsmenn Litlulaugaskóla áherslu á mikið og gott samstarf við Framhaldsskólann á Laugum. Nemendur grunnskólans hefðu tekið áfanga í Framhaldsskólanum og eins hefðu þeir vanist hliðstæðum kennsluháttum og þar eru (m.a. svokölluðum vinnustofum). Þá væri samstarf við Framhaldsskólann í tengslum við íþróttafraeðibrautina sem þar er rekin (nemendur á brautinni vinna ýmis vettvangstengd verkefni með börnum og unglingum). Fleiri dæmi voru nefnd um verkefni sem framhaldsskólanemendur ynnu með leik- og grunnskólabörnum. Aðrir viðmælendur gerðu minna úr þessu samstarfi og töldu að það hefði mátt vera miklu meira.

Helstu rök gegn því að hafa grunnskólastigið á Laugum:

- Kennslustofur eru flestar litlar og eins vantar stofur, bæði almennar stofur og aðstöðu til kennslu list- og verkgreina (t.d. smíða-, heimilisfræði- og náttúrufræðistofu).
- Skólinn er í óhentugri byggingu (húsið var reist sem heimavistar- og íbúðarhúsnæði).
- Engar lyftur eru í húsinu og skólinn getur því ekki að óbreyttu hýst fatlaða nemendur.

Mat skólastjóra var að unnt væri að kenna 60 börnum í húsakynnum Litlulaugaskóla.

Þeir sem mæltu með Laugum fyrir grunnskólastigið bentu á að auðvelt væri að skapa meira rými með því að flytja bókasafnið í önnur húsakynni. Það getur þó varla talist óskakostur. Aðrir lögðu áherslu á að byggt yrði við skólann, og mætti það gjarnan vera bygging sem tengdi leik- og grunnskóla saman. Þá var bent á að hugsanlegt væri að fá að nota raungreinastofu og eldhús (fyrir heimilisfræði) í Framhaldsskólanum. Ráðgjafi hefur kannað að fyrri kosturinn er fyrir hendi, en hins vegar stendur til að fjarlægja eldhúsið, þar sem tæki eru að stórum hluta úr sér gengin – auk þess sem aðstaðan hefur lítið nýst. Áætlanir eru uppi um að breyta eldhúsinu í almenna skólastofu. Verði grunnskólinn staðsettur á Laugum þarf að finna leiðir til að kenna smíðar og heimilisfræði við viðunandi aðstæður.

### Óbreytt skipan

Rök þeirra sem töluðu fyrir óbreyttri skipan voru einkum þau að aldrei yrði sátt um að fara á einn stað. Mjög fáir voru þessarar skoðunar.

## Aðrir kostir

### *Grunnskólinn á Stórutjörnum*

Bent var á að Stórutjarnaskóli rúmaði vel allt grunnskólastarfið og að hann væri miðsvæðis í byggðinni. Þá hefði honum verið haldið vel við og húsakynni öll hin vistlegustu. Tveir viðmælendur nefndu þennan kost, en hann var annars ekki til umræðu. Þessu sjónarmiði er hér haldið til haga, enda telur ráðgjafi þetta áhugaverða lausn.

### *Yngri börnin á Hafralæk en unglिंगastigið g á Laugum*

Ráðgjafi hreyfði þessum möguleika í flestum viðtalanna, enda felst í honum nýting á öllu húsnæði Þingeyjarskóla og að mjög rúmt verður um starfið á báðum stöðum. Slíkur skóli gæti tekið við mikilli fjölgun nemenda. Ráðgjafi benti meðal annars á að umhverfi Hafralækjar hentaði að öllu leyti vel fyrir leiki og starf ungra barna, bæði leiksvæði og náttúra, og sjá mætti fjölmörg tækifæri til að tengja nám unglिंगanna aðstæðum á Laugum (t.d. með samvinnu við Framhaldsskólann, fyrirtæki og stofnanir).

Meginrök gegn þessari tilhögun eru mikill skólaakstur og ferðir starfsmanna milli starfsstöðva. Þá hlýst kostnaður af því að hafa bókasafn, sérkennsla, mötuneyti og tölvuþjónustu á báðum stöðum. Þá er rétt að benda á að flestir þeir foreldrar sem við var rætt voru mjög andsnúnir þessum kosti og töldu þetta *málamiðlun* eða *millileik* – og vildu *stíga skrefið til fulls; ... viljum alla leið ... engin skref!*

### *Leikskóli og kennsla yngstu grunnskólabarnanna á Hafralæk, Laugum og Stórutjörnum, en öllum unglिंगum kennt á Laugum*

Rök fyrir þessari skipan voru að eðlilegt væri að bjóða nám og kennsla ungra barna sem næst heimilum þeirra, en unglिंगunum væri heppilegast að kenna á Laugum í tengslum við Framhaldsskólann. Ókostir við þessa leið eru mikill skólaakstur, auk þess sem kostnaður hlýst af því að vera á þremur stöðum (mötuneyti, upplýsingatækni, sérkennsla, námsgögn, kennslutæki, skólasafn, stjórnun). Bent var á að í síðustu sveitarstjórnarkosningum hefði annað framboðið talað fyrir þessum möguleika, og íbúar hefðu því í raun þegar hafnað þessari leið.

## *Grunnskólastigið verði fyrst á Hafralæk en strax gert ráð fyrir því það færist síðar á Laugar*

Þetta sjónarmið byggist á því að komi til þess að Mývatnsveit og Þingeyjarsveit sameinist um skólahlald séu Laugar miðsvæðis í því sveitarfélagi.

### *Allt grunnskólastarf í sveitarfélaginu á Laugum.*

Í þessari hugmynd er gert ráð fyrir því að allt grunnskólastarf í sveitarfélaginu verði á Laugum. Tvær hugmyndir voru settar fram um lausnir til að gera þetta kleift. Önnur miðaði við að byggt yrði við núverandi húsakynni Litlulaugaskóla (þriggja hæða bygging í vestur, með lyftu). Í hinni útfærslunni var gert ráð fyrir nýrri byggingu. Fjármögnun fengist með því að selja Stórutjarnaskóla og Hafralækjarskóla (t.d. undir ferðapjónustu). Í seinni hugmyndinni er einnig miðað við sölu á núverandi húsakynnum Litlulaugaskóla.

### **Leikskóladeildirnar**

Flestir viðmælendur voru þeirrar skoðunar að færi grunnskólastarfið á einn stað væri farsælast að leikskólinn sem eftir yrði væri sjálfstæð stofnun. Hvorki væri hægt að greina faglegan, né rekstrarlegan ávinning af því að hafa leikskóladeildina áfram sem hluta af Þingeyjarskóla. Ráðgjafi hallast einnig að þessu; reynslan bendir til þess að mikilvæg forsenda þess að vel takist að reka saman leik- og grunnskóla sé að starfsemin sé í sama húsi eða nágrenni (t.d. á sömu lóð). Um þetta getur ráðgjafi lagt fram dæmi sé þess óskað.

Sjálfstæður leikskóli kemur ekki í veg fyrir að hægt að halda uppi góðu, faglegu samstarfi eða standa að sameiginlegum innkaupum, svo dæmi sé nefnt. Einn viðmælenda taldi það kost að hafa leikskólann áfram í formlegum tengslum við Þingeyjarskóla, meðal annars til að tryggja faglegt og félagslegt samstarf. Þessi viðmælandi lagði engu að síður áherslu á að tryggja þyrfti leikskólanum aukið faglegt sjálfstæði, t.d. með því að yfir honum yrði aðstoðarskólustjóri.

Flestir viðmælendur voru einnig þeirrar skoðunar að best væri að flytja Barnaborg í húsakynni Hafralækjarskóla yrði ákveðið að hafa allt grunnskólastarf þar. Þar væri nóg rými og auðvelt að samnýta starfsfólk ef á þyrfti að halda og samstarf skólastiganna mun auðveldara. Þá mætti samnýta gögn, tæki, búnað og aðstöðu, auk þess sem samnýting

mötuneytis yrði mun léttari en nú er. Þá yrði auðveldara að bregðast við sveiflum í stærð árganga.

Bent var á að auðvelt væri að breyta núverandi húsakynnum Barnaborgar í íbúðarhúsnæði, sem, eins og fram hefur komið, vantar tilfinnanlega í byggðina.

Rök gegn flutningi eru einkum kostnaður við að breyta húsanæði í Hafralækjarskóla þannig að það henti vel fyrir leikskóla.

## **Tónlistardeildirnar**

Verði grunnskólastarf flutt á einn stað er eðlilegt að tónlistardeild flytjist með. Þó verður að gera ráð fyrir einhverri tónlistarkennslu á þeim stað þar sem grunnskólastarfið verður ekki.

Rétt er að halda til haga þeirri skoðun sem fram kom að eðlilegt væri að í Þingeyjarsveit allri væri einn tónlistarskóli sem þjónaði báðum grunnskólunum, sem og leikskólastiginu. Rökin voru þau að auðveldara væri að fá menntaða starfsmenn að einum, öflugum tónlistarskóla, en að lítilli tónlistardeild.

## **Reynsla annarra sveitarfélaga**

Skólar hafa víða verið sameinaðir með svipuðum hætti og gert var í Þingeyjarskóla, þ.e. að setja sama skólastjóra yfir tvær eða fleiri starfsstöðvar. Þetta hefur verið gert með margvíslegum hætti. Hliðstæð skipan og í Þingeyjarsveit er að finna í Vesturbyggð, þar sem reknir eru þrjú heildstæðir skólar á Birkimel, í Bíldudal og á Patreksfirði. Svipuð skipan er í Bláskógabyggð sem rekur tvo heildstæða skóla undir sömu stjórn, annan á Laugarvatni og hinn í Reykholti. Í báðum sveitarfélögum hefur þessi skipan verið til umræðu og jafnvel endurskoðunar, þar sem reynslan af þessu fyrirkomulagi þykir ekki nægilega góð. Einkum er horft til þess að stjórnun veikist þegar hún er svo dreifð og eins hafa komið upp vandkvæði þegar skólarnir sem sameinaðir voru hafa byggt á ólíkri hugmyndafræði eða áherslur í starfi mjög ólíkar. Ráðgjafi þekkir dæmi um hliðstæðar sameiningar skóla í Kópavogi og Reykjavík og treystir sér til að halda því fram að þær hafi a.m.k. til skamms tíma veikt skólastarfið umtalsvert.

Betri reynsla er fengin þar sem stutt er á milli starfsstöðva í hinum sameinaða skóla og nemendum skipað á þær eftir aldri. Þannig eru yngstu börnin í Grunnskóla Snæfellsbæjar á

Hellissandi en eldri börnin í Ólafsvík (milli starfsstöðvanna eru 11 km).<sup>3</sup> Hið sama gildir um Barnaskólann á Eyrarbakka og Stokkseyri. Yngri börnin í skólanum eru eftir sameiningu á Stokkseyri og þau eldri á Eyrarbakka (um 4 km eru á milli starfsstöðvanna). Góð reynsla er af þessari tilhögun. Eins má nefna Grunnskólann á Seltjarnarnesi og til skamms tíma Árskóla á Sauðárkróki.

## Annað

Því skal haldið til haga að margir viðmælendur gagnrýndu fyrirhugaða kosningu eða skoðanakönnun, bæði vegna þess að þar væri ekki val um alla mögulega kosti og eins að áhöld væru um hverjir mættu kjósa og hverjir ekki.

## Niðurstaða

Mat langflestra viðmælenda var að skynsamlegt sé að færa grunnskólastarfið á einn stað. Mat ráðgjafa er að flest fagleg rök hnígi að því. Meginvandkvæðin við þá ráðstöfun er að skólaakstur sumra barnanna lengist. Miklu varðar að vel sé staðið að akstrinum. Reynsla ráðgjafa er að skólaakstur getur verið með ýmsu móti, allt frá því að vera börnum kvalræði til þess að vera helsta tillhlökkunarstund dagsins.

Það eru vissulega vandkvæði að ekki munu allir starfsmenn fá starf við sameinaðan skóla, en vandséð er hvernig hægt er að láta það ráða niðurstöðu. Um þetta voru flestir viðmælendur sammála. Litlar líkur eru á að þeir starfsmenn, sem ekki fá ráðningu, geti ekki ráðið sig annað. En atvinnumissir er alltaf mjög sár og í þessu tilviki tengist hann einnig búsetu. Þessar aðstæður valda því meðan annars að miklar tilfinningar eru í umræðunni og oft erfitt að henda reiður á rökum.

Mjög erfitt er að vege faglega þau rök sem fram hafa komið með og á móti þeim tveimur stöðum sem til greina koma, Hafralæk og Laugum. Mat ráðgjafa er að sveitarfélagið hafi í raun val um tvo góða kosti. Annar kosturinn, Hafralækur, er líklega fjárhagslega betri. Fjárhagslegan ávinning mætti a.m.k. að einhverju leyti nýta í þágu skólans. Þá verður að benda á að margvíslegar mótvægisáðferðir koma til greina til að vege á móti þeim

---

<sup>3</sup> Rétt er að halda því til haga að undir Grunnskóla Snæfellsbæjar fellur einnig skólalald í Lýsuhólsskóla – en þar er einnig rekin grunnskóladeild í tengslum við Grunnskóla Snæfellsbæjar.

annmörkum sem kunna að vera á því að fara þessa leið. Í því sambandi má nefna samstarf við Framhaldsskólann – það getur orðið mikið og gott þótt lengra verði á milli – standi vilji til þess.

Verði niðurstaðan að hafa grunnskólann á Laugum þarf að gera þar umfangsmiklar og líklega kostnaðarsamar ráðstafanir. Áhugaverðar og kostnaðarminni lausnir gætu þó falist í auknu og beinu samstarfi við Framhaldsskólann gæfu starfsmenn hans og menntamálaráðuneytið kost á því. Líkur eru á því að í framtíðinni taki sveitarfélög yfir rekstur framhaldsskóla og í þessu gætu legið sóknarfæri. Vel má hugsa sér þróunarverkefni þar sem stefnt er að stórauknu samstarfi grunn- og framhaldsskóla og samfelli í námi.